

22. maí 2012

Umsögn Proskapjálfafélags Íslands um Frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011 (ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk) 692. mál – þingskjal 1124.

Proskapjálfafélag Íslands fagnar frumvarpi til laga um ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Umræða um nauðsyn slíkra laga hefur átt sér stað í mörg ár og horft hefur verið til Noregs en ákvæði um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar voru sett í félagsþjónustulög þar 1999. Bæði er þetta frumvarp mikilvægt fyrir fólk með fötlun þannig að velferð þeirra í þjónustu og hagsmunir þeirra séu á allan máta tryggðir og ekki síður að starfsfólk fái reglur og eftirlit að virða sjálfsákvörðunarrétt lögráða fólks og inngrip sé gert í samræmi við lög og undir ströngum skilyrðum og eftirliti fagaðila.

Ákvarðanir og aðgerðir eru flóknar og ekki sjálfagðar eingöngu vegna þess að einstaklingur geti átt í erfiðleikum með að átta sig á að hann veldur sjálfum sér eða öðrum skaða vegna fötlunar sinnar. Tryggja þarf aðkomu fagfólks/proskapjálfa eða annarra með verulega þekkingu á aðferðum til að nota í þjónustu við fólk með alvarlega þroskaskerðingu, ögrandi hegðun og einhverfu. Mikilvægi fagfólks með sérfræðipekkingu á fólki með fötlun er þungamiðja í því að hugmyndafræði og viðurkenndar aðferðafræði sé notuð til að koma í veg fyrir beitingu nauðungar. Gera þarf kröfu um ef beita þarf nauðung að alltaf séu til staðar tveir starfsmenn. Það væri gert til að tryggja bæði öryggi allra og mannréttinda hins fatlaða í krefjandi aðstæðum.



Þroskaþjálfafélag Íslands

Nauðung skal ávalt beitt með þeim hætti að eins lítilli nauðung og hægt er sé beitt, inngripið standi eins stutt yfir og mögulegt er og það sé gert með þeim hætti að einstaklingnum sé sýnd eins mikil virðing og mögulegt er í aðstæðunum, það er t.d. gert með því að hafa fagfólk og ávalt tvo starfsmenn til staðar þegar beita þarf inngripi. Til þess þarf að tryggja fjármagn svo þjónustuaðilar geti farið eftir lögum.

Markmiðum laganna ætti ekki einungis að vera að bæta réttarstöðu þegar nauðung er beitt heldur einnig til að draga úr nauðung. Til þess þarf skýr viðmið um nauðung og hvernig henni er beitt, hvaða aðferðir þurfi að hafa verið reyndar, áður en nauðung er beitt.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lög þessi gilda um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

b. 3. mgr. orðast svo:

Markmið laga þessara er að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna og tryggja að sjálfsákvörðunarréttur fatlaðs fólks sé virtur og fyllsta réttaröryggis gætt þegar brýna nauðsyn ber til að grípa inn í líf þess.

Bæta hér við b. 3.mgr. **Að draga úr nauðung í starfi með fötluðu fólki.**

Mikilvægt að lögnum sé ætlað að auka réttaröryggi en ekki síður að nauðung verði einungis notuð sem neyðarúrræði þegar allt annað hefur verið neytt.

2. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk**, með tíu nýjum greinum, 10.–19. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytist töluröð kafla og greina samkvæmt því:

Við síðustu málsgrein eigi að bætast við: **Einnig sé þeim skylt að standa fyrir fræðslu um viðurkenndar aðferðir í starfi með fötluðu fólki með einhverfu og aðrar aðferðir sem líklegar eru til að bæta aðstæður fólks með alvarlega fötlun eða hegðun.**



Proskapjálfafélag Íslands

d. (13. gr.)

Neyðartilvik.

Sé nauðsynlegt að grípa inn í atburðarás til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi líkamstjón, stórfellt eignatjón eða röskun á almannahagsmunum er heimilt að beita nauðung án undangenginnar ákvörðunar skv. 18. gr. Tafarlaust skal látið af nauðung þegar hættu hefur verið afstýrt eða ástand er liðið hjá. Þjónustuaðilar skulu skrá öll slík tilvik þar sem meðal annars skal gerð grein fyrir tilefni þess að nauðung var beitt, hvers eðlis hún var og hvaða hagsmunir voru í húfi. Þjónustuaðilar skulu senda atvikalýsingu vegna hvers tilviks til sérfræðiteymis skv. 14. gr. innan viku frá því nauðung var beitt.

Á eftir 1. málsgr. skal bæta við: **Pó skal nauðung ávalt vera beitt með sem vægustum hætti sem mögulegt er og virðingu fyrir einstaklingnum ávalt gætt í öllum athöfnum.**

e. (14. gr.)

Sérfræðiteymi.

Ráðherra skipar allt að sjö einstaklinga til fjögurra ára í senn í sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar. Hann skipar formann úr hópi þeirra. Sérfræðiteymið skal skipað einstaklingum með sérþekkingu á málefnum fatlaðs fólks og þekkingu og reynslu af aðferðum til að koma í veg fyrir beitingu nauðungar. Gert er ráð fyrir að a.m.k. þrjú fulltrúar fjalli um hvert mál.

Bæta við 3.málsgr. Sérfræðiteymið skal skipað einstaklingum með sérfræðipekkingu á málefnum fatlaðs fólks og þekkingu og reynslu af **viðurkenndum** aðferðum til að koma í veg fyrir beitingu nauðungar.

g. (16. gr.)

Beiðni um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar.

Þjónustuaðili skal senda undanþágunefnd skv. 15. gr. skriflega beiðni um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar og undanþágu frá banni við fjarvöktun. Þegar um sjálfráða einstakling er að ræða ber réttindagæslumanni að sjá til þess að honum sé leiðbeint um rétt sinn til að velja sér persónulegan talsmann.

Beiðnin skal rituð á þar til gert eyðublað sem undanþágunefndin lætur í té. Í beiðninni skal meðal annars koma fram:

- Hver beri faglega ábyrgð á framkvæmd nauðungar.
- Lýsing á þeim aðstæðum sem kalla á beitingu nauðungar og rökstuðningur fyrir beitingu hennar.
- Nauðsynlegar upplýsingar um heilsu viðkomandi.
- Hvort leitað hafi verið eftir afstöðu viðkomandi og hver hún sé.
- Staðfesting á að leitað hafi verið eftir afstöðu lögráðamanns eða persónulegs talsmanns viðkomandi. Hafi viðkomandi ekki valið sér persónulegan talsmann skal liggja fyrir að honum hafi verið leiðbeint um rétt sinn í þeim efnum.
- Umsögn sérfræðiteymis skv. 14. gr.
- Upplýsingar um fjölda starfsmanna, menntun þeirra og þjálfun.
- Hvernig staðið verði að skráningu og innra eftirliti.



Þroskaþjálfafélag Íslands

Ef um barn er að ræða skal auk þess liggja fyrir upplýst samþykki forsjáraðila fyrir beiðni um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar.

Bæta við lið þannig að á eftir b komi nýtt c, aðrir liðir breyti eftir því þannig að síðasti liður endi á i.

c. Siðferðilegur og faglegur rökstuðningur hvers vegna meðferðin er nauðsynleg og kenningarlegan árangur af slíku.

h. (17. gr.)

Málsmeðferð.

Undanþágunefnd skal taka beiðni til meðferðar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur vikum eftir að beiðni berst henni. Telji nefndin þörf á að afla frekari gagna skal það gert án tafar og ákvörðun tekin svo fljótt sem auðið er. Gefa skal hinum fatlaða, lögráðamanni hans, persónulegum talsmanni eða nánasta aðstandanda eftir atvikum færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina áður en hún tekur ákvörðun í málinu.

Við afgreiðslu beiðna skal nefndin meðal annars líta til eftirfarandi atriða auk skilyrða 12. gr.:

1. Hvort leitað hafi verið allra annarra leiða sem ekki fela í sér nauðung.
2. Menntunar og reynslu þeirra sem bera faglega ábyrgð á framkvæmd nauðungar.
3. Hvort nauðung gagnvart hinum fatlaða geti komið niður á öðrum einstaklingum sem búa á sama heimili.
4. Að nauðung súa sem sótt er um gangi ekki lengra en nauðsynlegt telst til þess að tilgangi hennar verði náð.

Í þessari grein er ekkert tímaviðmið hvenær eigi að vera búið að úrskurða í málinu og veruleg þörf á því til tryggja að máli sé lokið.

f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands
Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ÞÍ.